

Stjórnarfundur FLAF 4. júní 2018.

Fundurinn var haldinn á heimili formanns, Einars Ragnars Sigurðssonar, að Hæðargarði 34 í Reykjavík.

Á fundinum voru: Einar Ragnar Sigurðsson, Jóhanna Ólafsdóttir, Valdimar Reynisson og Hallur S. Björgvinsson. Hallur mætir á fundinn sem okkar fulltrúi í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur (SR).

Dagskrá fundar:

1. Skipun í embætti nýrrar stjórnar FLAF.

Vegna dræmrar mætingar á fundinn, var ákveðið að biðja með að skipa í embætti innan stjórnar, Jóhanna tekur að sér að rita fundargerð þessa fundar.

2. Samskipti við SR vegna framtíðar Fellsmerkur.

Mikilvægt er að FLAF hafi frumkvæði að samskiptum við SR um framtíðar skipulag í Fellsmörk. Formaður tekur að sér að gera drög að bréfi til SR, þar sem FLAF óskar eftir samstarfi um skipulag Fellsmerkur. Hallur kom með góða punkta og innlegg í umræðuna. Stefnt á að bréf verði komið til stjórnar SR fyrir 26. júní n.k. Þegar næsti stjórnarfundur SR veður haldinn.

3. Önnur mál

- 3.1. **Samskipti við sveitarfélagið.** Rætt var um að gott væri að velja einn aðila stjórnar sem tæki að sér samskipti við sveitarfélagið. Óska þarf eftir nýjum ruslagámi og jafnvel stærri. Stjórnarmenn hafi opin huga fyrir mögulegum öðrum hlutum sem þyrfti að bæta úr.
- 3.2. **Vegagerð og girðingar.** Umræða um mögulega verktaka í vegagerð. Nokkuð brýnt að laga meðal annars rimlahlið. Einnig þarf að finna aðila í girðingavinnu. Hallur tók að sér hluta af girðingarvinnu og bendir á að aðrir landnemar gætu gert slíkt hið sama og fengið greitt sem verktakar.
- 3.3. **Plöntur í Fellsmörk 2018.** Sameiginlegur plöntudagur verður 30. júní n.k. Plöntur eru komnar að Tumastöðum og Hallur mun koma þeim í Fellsmörk. Plöntur til landnema munu einnig koma. Plöntunefnd mun koma upplýsingum til landnema í tölvupósti, á facebook síðu og einnig inn á fellsmork.is.

Stefnt að næsta stjórnarfundum eftir 6. júlí.

Fundi slitið kl. 21:50.